

FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR LANDSBRÉFA HF. 2020

Þann 28. apríl 2020 kl. 16:00 var haldinn aðalfundur Landsbréfa hf., kt. 691208-0520, á fjórðu hæð Borgartúns 33 í Reykjavík, auk þess sem fundurinn er sendur með rafrænum hætti á internetinu. Fundurinn hófst með því að Þórunna Jónsdóttir, formaður stjórnar félagsins, bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Hún stakk upp á að Bragi Gunnarsson yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt. Bragi tók við fundarstjórn og lagði til að Theodóra Thorlacius yrði kjörin fundarritari. Það var samþykkt. Lögmæti fundarins var kannað, en mætt er fyrir 100% hluta í félaginu og fara Hreiðar Bjarnason og Þorsteinn Stefánsson með þau atkvæði f.h. Eignarhaldsfélags Landsbankans ehf. og Bláma fjárfestingafélags ehf. Til fundarins var boðað með lögmætum hætti og lýsti fundarstjóri fundinn lögmætan til að afgreiða þau mál sem fyrir fundinum liggja.

Fundarstjóri fór stuttlega yfir dagskrá félagsins sem er í samræmi við samþykktir félagsins og var síðan gengið til afgreiðslu dagskrármála.

1. Skýrsla stjórnar um hag félagsins og rekstur á liönu starfsári

Þórunna Jónsdóttir formaður stjórnar flutti skýrslu stjórnar. Hún stiklaði á stóru yfir viðburði ársins 2019. Kom fram í máli hennar að fall WOW flugfélagsins hefðu verið stóru tíðindi ársins 2019 í efnahagslegu tilliti og hefði það haft veruleg áhrifa á íslenskt efnahagslíf og þá einkum ferðaþjónustu. Góðu tíðindin hefðu verið að náðst hefði allvíðtæk sátt um gerð kjarasamninga með gerð svoefndra lífskjarasamninga. Verðbólga hélst stöðug á árinu og ávöxtun á verðbréfamörkuðum var almennt nokkuð góð bæði innanlands og erlendis. Nefndi hún sem dæmi að vísitölusjóðurinn Landsbréf – LEQ hefði skilað rúmlega 20% ávöxtun á árinu 2019 sem endurspeglar betur en annað að árið hefði verið gott á hlutabréfamarkaði. Í máli hennar kom fram að sjóðir Landsbréfa hefðu almennt skilað góðri ávöxtun til eigenda sinna og þá einkum hlutabréfasjóðir, bæði þeir sem fjárfesta á innlendum og erlendum markaði. Hún sagði að það lægi fyrir að erfitt yrði að ná sama árangri á yfirstandandi ári þar sem Covid 19 faraldurinn hefði mikil áhrif á rekstur fyrirtækja sem myndi skila sér í lægri ávöxtun. Hún sagðist telja líklegt að íslenskt samfélag og efnahagslíf muni sýna góða viðbragðssnerpu eins og svo oft áður. Sagan kenndi okkur að í breytingum felist tækifæri, ekki síst fyrir félög eins og Landsbréf, bæði hvað varðar vörupróun og markaðssókn.

Hún fór yfir helst niðurstöðutölur af rekstri félagsins. Kom fram að á árinu hefðu hreinar rekstrartekjur numið 1.683 milljónir króna samanborið við 2.030 milljónir árið áður og hagnaður ársins eftir skatta numið 489 milljónum, samanborið við 844 milljónir árið áður. Lækkun milli ára sagði hún að skýrðist fyrst og fremst af því að árangurstengdar þóknar af rekstri framtakssjóðsins Horns II slhf. voru lægri á árinu. Slíkar tekjur væru ekki árvissar og geta verið umtalsverðar eitt árið en engar það næsta.

Eigið fé Landsbréfa hf. í árslok nam 4.291 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi og var eiginfjárlutfall félagsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki 98,27% en þetta hlutfall má ekki vera lægra en 8,0% samkvæmt lögum.

Stjórnarformaður sagði stjórn Landsbréfa hf. hefði ákveðið að leggja til að þessu sinni að ekki verði greiddur út arður til hluthafa, og hagnaði ársins verði þannig ráðstafað til hækkunar á eigin fé. Tillagan er sett fram í ljósi þeirrar óvissu sem er í efnahagslífinu og þó rekstur

Landsbréfa sé stöðugur þá telur stjórn rétt að bíða með arðgreiðslu þar til meiri stöðugleiki er kominn í íslenskt efnahagslíf. Sagði hún það mat stjórnar að vel kæmi til greina að þegar um hægist verði boðað til aukahluthafafundar síðar á árinu og gerð tillaga um arðgreiðslu.

Hún sagði félagið byggt á sterkum stöðum og þrátt fyrir margvíslegar áskoranir í efnahagslífinu væri gert ráð fyrir að rekstur félagsins muni áfram vera jákvæður og félagið muni halda áfram að þróa vöruframboð sitt í takt við þróun á markaði og eftirspurn frá fjárfestum.

Í lok árs störfuðu 18 starfsmenn hjá félaginu og fjöldi ársverka var 19 á árinu. Hún sagði Landsbréf búa vel að því að hafa yfir að ráða bæði reyndum og vel hæfum starfsmönnum, sem hafa sýnt með verkum sínum að þeir eru reiðubúnir að axla þá miklu ábyrgð sem fylgir því að annast ávöxtun á fjármunum viðskiptavina Landsbréfa. Sá hópur væri ekki lítill - því alls 13 þúsund einstaklingar og lögaðilar treystu Landsbréfum fyrir fjármunum sínum og fjármunir í stýringu hjá félaginu væru nú í árslok alls um 180 milljarðar króna samanborið við 155 milljarða árið áður.

Hún gerði grein fyrir aðalfundi síðasta árs og helstu niðurstöðum hans.

Að lokum þakkaði hún meðstjórnendum í stjórn Landsbréfa samstarfið og þakkaði Helga Þór Arasyni framkvæmdastjóra og öðru starfsfólki Landsbréfa fyrir vel unnin störf í þágu félagsins.

Fundarstjóri sagði að hann hygðist opna mælendaskrá þegar búið væri að fara yfir ársreikninginn ef fundarmenn gerðu ekki athugasemdir við það. Svo var ekki og var því tekið fyrir næsta dagskrármál.

2. Ársreikningur lagður fram til samþykktar

Klara Hrönn Sigurðardóttir, rekstrarstjóri Landsbréfa, gerði grein fyrir ársreikningi félagsins. Hún fór yfir helstu liði rekstrar- og efnahagsreiknings og sjóðstreymis.

Þegar Klara Hrönn hafði lokið yfirferð sinni var mælendaskrá opnuð. Þá kvaddi Helgi Þór Arason, framkvæmdastjóri, sér hljóðs og sagði vilja gera grein fyrir hver áhrif Covid – 19 faraldurinn hefði á starfsemi Landsbréfa. Hann sagði að viðbragðsáætlun hefði verið virkjuð og félagið hefði verið mjög vel undirbúið að takast á við ástandið. Hann sagði starfsfólk félagsins hefði verið skipt upp þannig að hluti starfsmanna hefði unnið heima. Fyrirkomulagið hefði gengið mjög vel og engir hnökrar á starfseminni og rekstur Landsbréfa væri að ganga vel. Það hefðu verið miklar sveiflur á mörkuðum það sem af ári, en þeir væru nú að taka við sér að nýju og Landsbréf væri vel í stakk búið að takast á við nýjar áskoranir. Fram kom að Landsbréf hefðu lagt áherslu á að auka eftirlit með lausafjánhættu sjóða, en staðreyndin væri sú að lítið hefði verið um innlausnir og hefðu eignir í stýringu þannig frekar verið að vaxa en minnka.

Aðrir tóku ekki til máls undir þessum dagskrárlíð.

Ársreikningur félagsins var tekinn fyrir og hann samþykktur með öllum atkvæðum hluthafa.

3. Ákvörðun um meðferð hagnaðar

Fundarstjóri gerði grein fyrir fyrirbyggjandi tillögu um greiðslu arðs frá stjórn félagsins. Tillagan er svohljóðandi:

„Stjórn Landsbréfa leggur til að hagnaði ársins verði ráðstafað til hækkunar á eigin fé.“

Enginn kvaddi sér hljóðs um þessa tillögu og var hún tekin fyrir og samþykkt með öllum atkvæðum hluthafa.

4. Kjör stjórnar félagsins

Í stjórn Landsbréfa eiga sæti fimm aðalmenn og tveir varamenn. Frá Eignarhaldsfélagi Landsbankans ehf. hefur borist tillaga um að eftirtaldir aðilar verði kjörnir til stjórnar og varastjórnar:

Þórunna Jónsdóttir, í framboði til stjórnarformanns
Guðmunda Ósk Kristjánsdóttir, í framboði sem meðstjórnandi
Haraldur Flosi Tryggvason, í framboði sem meðstjórnandi
Magnús Magnússon, í framboði sem meðstjórnandi
Signý Sif Sigurðardóttir, í framboði sem meðstjórnandi

Í framboði sem varastjórnarmenn eru:
Erna Eiríksdóttir
Guðjón Valgeir Ragnarsson

Meðal fundargagna voru ítarlegar upplýsingar um stjórnarmenn. Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlið og engir aðrir í framboði og var því sjálfkjörið í stjórnina og voru framangreindir lýstir rétt kjörnir í stjórn félagsins.

5. Kjör endurskoðunarfélags

Stjórn Landsbréfa leggur til að Grant Thornton endurskoðun ehf. verði endurkjörið sem endurskoðunarfélag Landsbréfa. Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlið. Tillagan var tekin fyrir og Grant Thornton endurskoðun ehf. lýst rétt kjörið sem endurskoðunarfélag Landsbréfa.

6. Starfskjarastefna félagsins

Lagt er til að fyrirliggjandi starfskjarastefna félagsins yrði samþykkt, en stefnan var meðal fundargagna. Farið var yfir helstu breytingar. Enginn kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlið og var framlögð starfskjarastefna samþykkt.

7. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna

Svofelld tillaga um þóknun til stjórnarmanna liggur fyrir:

„Þóknun til stjórnarmanna Landsbréfa hf. skal vera 231.000 kr. á mánuði og mánaðarleg þóknun stjórnarformanns skal vera tvöföld sú fjárhæð.

Varamenn skulu fá 57.750 kr. fyrir hvern fund sem þeir sitja vegna forfalla aðalmanna, en þó skal árleg greiðsla til þeirra ekki vera lægri en 115.500 kr.

Varaformaður stjórnar skal fá 57.750 kr. fyrir hvern fund sem hann stýrir.

Fyrir setu í undirnefndum stjórnar skal greidd föst árleg þóknun til nefndarmanna, sem skal vera 210.000 kr. fyrir setu í endurskoðunarnefnd og 105.000 kr. fyrir setu í starfskjaranefnd og skulu 52.500 kr. greiddar aukalega til formanna undirnefnda stjórnar.“

Enginn kvaddi sér hljóðs um þennan dagskrárlið og var tillagan tekin fyrir og samþykkt.


8. Önnur mál

Engin önnur mál voru á dagskrá fundarins. Hreiðar Bjarnason, forsvarsmaður Eignarhaldsfélags Landsbankans ehf. og framkvæmdastjóri Fjármála hjá Landsbankanum kvaddi sér hljóðs undir þessum dagskrárlið og hrósaði starfsfólki og stjórn Landsbréfa fyrir góðan árangur. Þá tók Lilja Björk Einarsdóttir, framkvæmdastjóri til máls og tók undir orð Hreiðars og sagðist vilja þakka starfsmönnum og stjórn fyrir rvel unnin störf. Hún sagði að það væru mörg tækifæri framunand og og framtíðin væri björt fyrir eignastýringu hjá Landsbréfum.

Aðrir tóku ekki til máls. Fundarstjóri óskaði eftir heimild fundarins til að hann og fundarritari fengju að ganga frá fundargerð og að senda nauðsynlegar tilkynningar til fyrirtækjaskrár. Það var samþykkt.

Þannig farið fram. Fundi slitið kl. 16.30.


Bragi Gunnarsson, fundarstjóri


Theodóra Thorlacius, fundarritari